

Leið frá Reykjavík um Ármótakvísl.

Leið austur frá Reykjavík lá upp frá kvosinni um Skólavörðuholt, þaðan að Öskjuhlíð norðanverðri upp á hálsinn milli Öskjuhlíðar og Litlu-Öskjuhlíðar, á svipuðum slóðum og Hafnarfjarðarvegur var lagður síðar (Stuttur spotti af gömlum vegi sést nálægt bensistöð Skeljungu). Á hálsinum voru gatnamót við leiðina til Hafnarfjarðar og þaðan áfram suður með sjó. En leiðin austur lá áfram þar sem núna er Bústaðavegur hjá bænum Bústöðum að vöðum á Elliðaánum. Bústaðavað á vestari kvíslinni og síðan yfir Árhólmana að eystri kvíslinni og yfir hana á Ártúnsvaði skammt sunnan við Toppstöðina. Búið er að hlaða bakka eystri kvíslarinnar upp og afmá vaðið. Í Ártúni var greiðasala þar til brýr voru byggðar á árnar norður við ósa árið 1883 og umferðin færðist þangað. Frá Ártúnsvaði var farið um malarhjallana í Ártúnsholti um Reiðskarð sem enn er notað til umferðar gangandi og hjólandi. Þar fljótlega voru gatnamót við leið austur fyrir botn Grafarvogs og svo áfram í Mosfellssveit, Kjalarnes eða norður um Svínaskarð. Frá fyrrnefndum gatnamótum lá leiðin austur hjá Árbæ sem tók við greiðasölunni eftir að hún lagðist af í Ártúni. Austur undir Hádegismóum voru gatnamót við leið austur um Seljadal og Mosfellsheiði til Þingvalla og jafnvel norður á land um hálendið.

Okkar leið liggur að Rauðavatni norðanverðu og austur fyrir það og annað hvort stefnt suður og austur með Borgarholti á svipuðum slóðum og vegur er nú að Almannadalsmunna/kjafti. Eða frá vatninu austanverðu upp Úlfhildarbrekku í Tryppadal þar sem gatnamót eru við leið austan við Birgisholt í efri-Almannadal. Þaðan á Hofmannaflatir (þar sem fangesið sem kennt er við Hólmsheiði stendur), svo á Alfaraveginnum gamla eða leiðina um Elliðakot en báðar leiðir liggja austur hjá Lyklafelli. Einnig lá leið niður Tryppadal að Víðirholti og þaðan (hjá eystri sprengiefnageyslunni) niður í Almannadalsmunna/Kjaft.



Í ritgerð Björns Bjarnasonar bónda og alþingismanns á Grafarholti frá 1914 sem heitir „Um örnefni“ nefnir hann fimm vegi sem legið hafi um Almannadal.

1) Vegur til norðurs hjá Reynisvatni niður til veiðistöðvanna við sunnanverðan Kollafjörð, í Blikastaðagerði (þar sjást enn fiskibyrgin), Geldinganesi(?) og Gufunesi, og til verslunar við kaupmenn, sem þar hafa legið á hinum góðu höfnum (t.d. Hallfreð vandræðaskáld á Leiruvogi), og til Viðeyjar:

2) Vegur til vesturs um Árbæ til Seltjarnarness:

3) Vegur til útsuðurs yfir Elliðaár á (Vatnsenda.) Skyggnisvaði um Vatnsenda, Vífilstaði til Hafnarfjarðar, Álftaness og suður með sjó:

4) Vegur fyrir ofan Rauðhóla og sunnan Elliðavatns, er farinn hefur verið þá er Elliðaár þóttu torfærar á vöðum fyrir neðan Vatn. (Hellan J.S.)

5) Vegurinn austur frá öllum fyrrnefndum stöðum, sameiginlegur upp undir Lyklafell, hverja leið er svo skyldi austur yfir hálendið (=fjallið), eins og fyrr segir. Einnig til selfara upp í heiðina:)

Úr neðan verðum Trippadal við Viðirholt eru gatnamót við miklar götur sem liggja til suðvestur (Sunnan við vestari sprengiefnageymslunar) niður um Tóttarlág þar sem göturnar sjást greinilega vestan við (ryðlituðu) dælustöðina og stefna til Suðurnesja um Skyggnisvað (Vegur nr.3 í ritgerð Björns). Úr Almannadalskjafti liggur leiðin síðan með Vegbrekkum ytri og innri að vaði á Hólmsá um hálfum kílómetra neðan við Hólmi. (N64°05.638'W021°43.717'). Svo lá leiðin sunnan við bæinn á Hólmi á hraunhellu Leitahrauns og er gatan meitluð í hraunið. Síðan er farið yfir Ármótakvísl sem rennur úr Hólmsá í Suðurá sunnan við Heiðartagl. Vestan við Ármótakvísl og skammt neðan við Snjófossa er vað á Suðurá, Skógarvað yfir á Löngubakka og svo sunnan við vötnin hjá bænum Elliðavatni. (Þessi leið er ekki fær vegna girðinga umhverfis Gvendabrunna). Gátu ferðamenn sem áttu leið til eða frá Hafnarfirði eða á Reykjanes farið hér um. Þegar yfir Ármótakvísl er komið skiptust leiðir enn á ný í leið að Hraunsnefi og þaðan í Fosvallaklif og hinsvegar í leið í Gömlubotna sem talin er eldri leið. Ármótakvísl er örstutt og rennur úr Hólmsá við Heiðartagl í Silungapóllsá sem skiptir þar um nafn og heitir síðan Suðurá.



Þær hugmyndir voru uppi að leggja járnbraut frá Reykjavík upp Elliðaárdal norðan við Rauðhóla að Hólmi og þar átti járnbrautarstöðin Hólmur að vera. Síðan átti leiðin að liggja suður fyrir Silungapoll og svo á svipuðum slóðum og gatan er í Gömlubotna. Þaðan átti leiðin að liggja til norðausturs um Selhóla og síðan áfram hjá Túnhól og norður fyrir Núpstún og síðan til Fossvallabruna og Fossvelli. Þaðan átti leiðin að liggja á svipuðum slóðum og Suðurlandsvegurinn austur um Þrengsli liggur nú. (Áfangar kort 14A og B og frásögn Þorkels Jóhannessonar og Óttars Kjartan ssonar bls 201-213.

Jón Svanþórsson.